



## FJÖLMIÐLANEFND

27. október 2022  
**Ákvörðun nr. 6/2022**

### **Miðlun erlends efnis án íslensks texta eða tals á sjónvarpsstöðinni Omega**

#### **I. Málsvik**

##### **1.**

Fjölmiðlanefnd barst ábending þann 1. ágúst 2022 þar sem vakin var athygli á því að sjónvarpsstöðin Omega hefði miðlað erlendu efni án íslensks texta eða tals, a.m.k. frá seinni hluta júlí til byrjun ágúst 2022. Með þeirri miðlun hefði Kristniboðskirkjan Omega (hér eftir Omega) brotið gegn 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla). Þann 25. ágúst 2022 barst önnur ábending frá sama aðila um að enn væri verið að miðla erlendu efni án íslensks texta eða tals á sjónvarpsstöðinni Omega.

#### **II. Málsmæðferð og sjónarmið málsaðila**

##### **1.**

Ábendingin var lögð fyrir Fjölmiðlanefnd á fundi hennar þann 23. ágúst 2022 og var samþykkt að senda erindi til Omega vegna hennar. Með erindi Fjölmiðlanefndar til Omega dags. 26. ágúst 2022 var því óskað eftir upplýsingum og sjónarmiðum vegna þeirra ábendinga sem höfðu borist um miðlun efnis án íslensks texta eða tals á sjónvarpsstöðinni Omega og ætlaðra brota gegn 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla. Kom fram að samkvæmt þeirri grein laganna skyldi hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því væri miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við ætti hverju sinni. Það ætti þó ekki við þegar fluttir



## FJÖLMIÐLANEFND

væru erlendir söngtextar eða þegar dreift væri viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýndi að verulegu leyti atburði sem gerðust í sömu andrá. Við þær aðstæður skyldi fjölmiðlaveita, eftir því sem kostur væri, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hefðu.

Fjölmiðlanefnd óskaði jafnframt eftir stafrænu afriti af dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar Omega frá 27. júlí til og með 3. ágúst 2022, sbr. 35. gr. laga um fjölmiðla um varðveisluskyldu á fjölmiðlaefni. Einnig var tekið fram í erindi Fjölmiðlanefndar að nefndin hefði áður birt ákvörðun vegna miðlunar erlends efnis án texta eða tals á sjónvarpsstöðinni Omega. Var þess óskað að svör Omega og umbeðin afrit myndu berast eigi síðar en 9. september 2022. Kom fram að ef svör Omega bærust ekki fyrir þann tíma myndi Fjölmiðlanefnd taka ákvörðun um hvort taka ætti erindið til efnislegrar meðferðar og, eftir atvikum, til ákvörðunar án þess að sjónarmið Omega kæmu fram.

### 2.

Með tölvupósti dags. 6. september 2022 óskaði Omega eftir fundi með starfsmönnum Fjölmiðlanefndar vegna erindis nefndarinnar dags. 26. ágúst 2022. Var sá fundur haldinn 12. september 2022 með fulltrúum Omega. Á fundinum kom fram sú afstaða Omega að um misskilning væri að ræða. Þegar sótt hafi verið um endurnýjun almenns leyfis til myndmiðlunar til Fjölmiðlanefndar vegna sjónvarpsstöðvarinnar Omega hafi komi fram í umsókninni að „sótt [væri] um að sjónvarpa hluta dagskrár á erlendu tungumáli fyrir útlendinga á Íslandi“. Þar sem ekki hafi verið gerð athugasemd við þetta af hálfu Fjölmiðlanefndar hafi Omega litið svo á að með endurnýjun leyfisins, sem Fjölmiðlanefnd gaf út 30. maí 2022, hafi falist heimild til að senda út hluta af dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar Omega ótextaða fyrir útlendinga á Íslandi. Ef ekki yrði fallist á það vildi Omega óska eftir því að leyfi vegna sjónvarpsstöðvarinnar Omega yrði breytt þannig að tungumál stöðvarinnar yrði enska en í 29. gr. laga um fjölmiðla mætti finna undanþágu sem fæli í sér heimild til að starfrækja fjölmiðil á öðru tungumáli en íslensku. Starfsmenn Fjölmiðlanefndar óskuðu eftir því við fulltrúa Omega að sjónarmið þeirra og beiðni um breytingar á almennu leyfi vegna sjónvarpsstöðvarinnar Omega bærust einnig skriflega fyrir fund Fjölmiðlanefndar þann 20. september 2022, ásamt afritum af dagskrá Omega sem óskað var eftir 26. ágúst 2022.

Fyrrgreind sjónarmið Omega bárust Fjölmiðlanefnd með tölvupósti dags. 19. september 2022. Kom fram sú beiðni Omega að í samræmi við umsókn fjölmiðlaveitunnar þann 5. maí 2022 um endurnýjun almenns leyfis til myndmiðlunar vegna sjónvarpsstöðvarinnar Omega yrði skilmálum



## FJÖLMIÐLANEFND

leyfis, sem Fjölmiðlanefnd gaf út þann 30. maí 2022, breytt þannig að heimilt væri að senda út allt að 50% af heildardagskrá fjölmiðilsins sem ótextað erlent efni. Til vara var óskað eftir því að leyfi vegna sjónvarpsstöðvarinnar Omega yrði breytt þannig að tungumál stöðvarinnar yrði enska, sbr. undanþágu 3. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla.

Afrit af dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar Omega dagana 27. júlí og til og með 3. ágúst 2022 bárust Fjölmiðlanefnd einnig 19. september 2022 og voru boðsend á minnislykli. Á minnislyklinum var yfirlit yfir dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar Omega fyrrnefnda daga og afrit á stafrænu formi af 58 dagskrárliðum fjölmiðilsins. Af þeim voru minnst 42 á erlendu tungumáli og án íslensks texta eða tals. Af efni minnislykilsins og þeirri dagskrá sem fylgdi mátti sjá að um 40% af heildardagskrá Omega dagana 27. júlí til og með 3. ágúst 2022 var erlent efni án íslensks texta eða tals. Þó að mikill meirihluti þeirra dagskrárliða sem Fjölmiðlanefnd bárust afrit af hafi verið erlent efni án íslensks texta eða tals leiddu endursýningar á íslensku efni dagana 27. júlí til og með 3. ágúst 2022 til þess að hlutfall erlends efnis án texta eða tals af heildardagskrá sjónvarpsstöðvarinnar Omega var ekki hærra.

### 3.

Sjónarmið Omega voru lögð fyrir Fjölmiðlanefnd á fundi hennar þann 20. september 2022. Að mati nefndarinnar fól endurnýjun almenns leyfis til Omega, dags. 30. maí 2022 vegna sjónvarpsstöðvarinnar Omega, ekki í sér heimild til að senda út hluta af dagskrá stöðvarinnar á erlendu tungumáli án íslensks texta. Ekkert hefði komið fram í leyfisbréfi til Omega sem gefið gæti til kynna að slík heimild hefði verið veitt. Jafnframt kæmi ekki fram á umsóknareyðublaði Fjölmiðlanefndar, vegna umsóknar um almennt leyfi, að með því að haka við að sótt væri um leyfi til miðlunar hljóð- eða myndefnis á erlendu tungumáli væri umsækjendum veitt undanþága frá textun erlends efnis á íslensku, enda ætti slík undanþága aðeins við í þeim tilvikum sem tilgreind væru í 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla. Meginreglan væri að fjölmiðlaveitur skyldu eftir því sem við ætti efla íslenska tungu, sbr. 1. mgr. 29. gr. laganna. Í 2. mgr. sömu greinar segði að skyldan til að láta jafnan fylgja íslenskt tal eða texta með hljóð- og myndefni á erlendu máli ætti ekki við þegar fluttir væru erlendir söngtextar eða þegar dreift væri viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýndi að verulegu leyti atburði sem gerðust í sömu andrá. Við þær aðstæður skyldi fjölmiðlaveita, eftir því sem kostur væri, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hefðu. Samkvæmt 3. mgr. 29. gr. ætti ákvæði 2. mgr. sömu greinar, um að hljóð- og myndefni á erlendu máli skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni, ekki við um endurvarp frá erlendum



## FJÖLMIÐLANEFND

sjónvarpsstöðvum, enda væri um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva. Ákvæði 2. mgr. ætti ekki heldur við þegar viðkomandi hljóð- eða myndmiðill væri starfræktur á öðru tungumáli en íslensku, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla. Þær undanþágur frá textun hljóð- og myndefnis á erlendu máli sem tilgreindar væru í 29. gr. laga um fjölmiðla ættu ekki við um sjónvarpsstöðina Omega að mati Fjölmiðlanefndar. Umsókn um breytingu á skilmálum núverandi sjónvarpsleyfis Omega, þess efnis að sjónvarpsstöðinni yrði heimilt að senda út allt að 50% af heildardagskrá sinni sem ótextað erlent efni, var því synjað. Beiðninni var einnig synjað með hliðsjón af tilgangi og markmiði 29. gr. laga um fjölmiðla og fordæmisgildi slíkrar undanþágu yrði hún veitt en aðrir fjölmiðlar hér á landi gætu þá óskað eftir samskonar heimild með vísan til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga. Með erindi Fjölmiðlanefndar dags. 27. september 2022 var á það bent að ef Omega vildi koma á framfæri frekari upplýsingum og sjónarmiðum vegna framangreinds, eða vegna þeirra ábendinga sem Fjölmiðlanefnd hafi borist um myndefni á sjónvarpsstöðinni Omega án íslensks texta eða tals, þá myndu þau svör berast eigi síðar en 11. október 2022.

Beiðni Omega til vara, um að leyfi sjónvarpsstöðvarinnar Omega yrði breytt þannig að tungumál hennar yrði framvegis enska, var einnig lögð fyrir á fundi Fjölmiðlanefndar. Kom fram að til staðar væri heimild til að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku, sbr. 1. og 3. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla. Í ljósi umsóknar Omega um almennt leyfi frá 5. maí 2022, þar sem fram hafi komið að hlutfall íslensks efnis væri 53% af heildardagskrá sjónvarpsstöðvarinnar Omega, taldi Fjölmiðlanefnd ekki hægt að fallast á það að núverandi starfsemi sjónvarpsstöðvarinnar Omega teldist fara fram á öðru tungumáli en íslensku. Efni stöðvarinnar virtist einnig aðallega vera beint til íslenskumælandi áhorfenda. Óskaði Fjölmiðlanefnd eftir því að Omega afmarkaði betur beiðni sína um leyfi til að starfrækja sjónvarpsstöðina Omega á ensku og ástæður þess að óskað væri eftir slíku leyfi.

### 4.

Svör Omega við erindi Fjölmiðlanefndar dags. 27. september 2022 bárust með tölvupósti dags. 7. október 2022 og voru lögð fyrir á fundi Fjölmiðlanefndar þann 13. október 2022. Ekki komu fram í þeim svörum frekari upplýsingar eða sjónarmið af hálfu Omega vegna ábendinga um miðlun erlends efnis án íslensks texta eða tals á sjónvarpsstöðinni Omega og ætlaðra brota gegn 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla. Var beiðni Omega um almennt leyfi til að starfrækja sjónvarpsstöðina Omega framvegis á ensku synjað með vísan til tilgangs og markmiðs 29. gr. laga um fjölmiðla,



## FJÖLMIÐLANEFND

fordæmisgildi slíkrar undanþágu fyrir aðra fjölmiðla yrði hún veitt og þeirra forsendna sem lágu að baki beiðni Omega um umrætt leyfi.

### III. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

#### 1.

Í 1. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla segir að fjölmiðlaveitur skuli eftir því sem við á efla íslenska tungu. Fjölmiðlar sem miðla hljóði og texta á íslensku skulu í því skyni marka sér málstefnu. Þó skal heimilt að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum um fjölmiðla kemur fram að í málsgreininni sé að finna almenna meginreglu um að allar fjölmiðlaveitur skuli eftir fremsta megni stuðla að menningarþróun og eflingu íslenskrar tungu. Engu að síður sé heimilt að starfrækja fjölmiðla hér á landi á öðrum tungumálum en íslensku.

Samkvæmt 2. mgr. 29. gr. skal með hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal fjölmiðlaveita, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa.

Tekið er fram í 3. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla að ákvæði 2. mgr. eigi ekki við um endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva. Ákvæði 2. mgr. á ekki heldur við þegar viðkomandi hljóð- eða myndmiðill er starfræktur á öðru tungumáli en íslensku, sbr. 1. mgr. 29. gr.

#### 2.

Eins og áður hefur komið fram var nokkru magni af erlendu dagskrárefni miðlað á sjónvarpsstöðinni Omega án íslensks texta eða tals, samkvæmt athugun Fjölmiðlanefndar á grundvelli afrita af dagskrá stöðvarinnar á tilteknum dögum, sem Fjölmiðlanefnd óskaði eftir við meðferð málsins og Omega afhenti nefndinni. Athugun Fjölmiðlanefndar hefur jafnframt leitt í ljós að slíku efni er ennþá miðlað daglega á sjónvarpsstöðinni og má ætla að svo hafi verið um



## FJÖLMIÐLANEFND

nokkurn tíma, þ.e. áður en ábending barst nefndinni, ef litið er til þess að Omega mun hafa talið að með endurnýjun almenns leyfis í maí 2022 hafi fjölmiðlaveitunni verið heimilt að miðla erlendu efni án íslensks texta eða tals.

Að mati Fjölmiðlanefndar eiga þær undanþágur frá textun hljóð- og myndefnis á erlendu máli sem tilgreindar eru í 29. gr. laga um fjölmiðla ekki við um sjónvarpsstöðina Omega. Ekki er um að ræða erlenda söngtexta eða viðstöðulausa dreifingu um gervitungl og móttökustöð á fréttum og fréttatengdu efni sem sýnir að verulegi leyti atburði sem gerast í sömu andrá, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla. Þá eiga undantekningar í 3. mgr. 29. gr. laganna ekki heldur við þar sem ekki er um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva. Sjónvarpsstöðin Omega telst heldur ekki vera fjölmiðill sem er starfræktur á öðru tungumáli en íslensku.

Með endurnýjun almenns leyfis til Omega vegna myndmiðlunar sjónvarpsstöðvarinnar Omega dags. 30. maí 2022 fólst ekki heimild til að senda út hluta af dagskrá stöðvarinnar á erlendu tungumáli án íslensks texta. Eins og fyrr greinir kom ekkert fram í því leyfi sem gaf til kynna að slík heimild hefði verið veitt. Þá kemur ekki fram á umsóknareyðublaði, vegna umsókna um almennt leyfi frá Fjölmiðlanefnd, að með því að haka við að sótt sé um leyfi til miðlunar hljóð- eða myndefnis á erlendu tungumáli sé sótt um undanþágu frá textun erlends efnis á íslensku. Slíkar undanþágur eiga aðeins við í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla sem, eins og áður hefur komið fram, eiga ekki við um sjónvarpsstöðina Omega. Miðlun erlends efnis án íslensks texta eða tals á sjónvarpsstöðinni Omega er því í andstöðu við 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla.

### 3.

Að framangreindu virtu er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að með miðlun erlends efnis án íslensks texta eða tals á sjónvarpsstöðinni Omega hafi Kristniboðskirkjan Omega, sem fjölmiðlaveita stöðvarinnar, brotið gegn 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla.

Samkvæmt i-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á 29. gr. um tal og texta á íslensku. Með fjölmiðlaveitu er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 15. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. málsl. 5. mgr. 54. gr.



## FJÖLMIÐLANEFND

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu hefur Fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á Kristniboðskirkjuna Omega í samræmi við i-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Telur Fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 350.000 kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar var tekið mið af því að Kristniboðskirkjan Omega hefur áður brotið gegn 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla, sbr. ákvörðun Fjölmiðlanefndar nr. 3/2013. Jafnframt var litið til eðli brota Kristniboðskirkjunnar Omega og atvika máls að öðru leyti.

Samkvæmt 1. mgr. 52. gr. laga um fjölmiðla getur Fjölmiðlanefnd að undangenginni lögmæltri málsmeðferð samkvæmt lögum um fjölmiðla bannað með ákvörðun miðlun efnis sem telst andstætt ákvæðum laga. Beinir Fjölmiðlanefnd því til Kristniboðskirkjunnar Omega, í ljósi þess að sjónvarpsstöðin Omega miðlar áfram erlendu efni án íslensks texta eða tals, að fjölmiðlaveitan tryggi að umrætt efni sé í samræmi við 29. gr. laga um fjölmiðla ellegar hætti miðlun þess fyrir 10. nóvember nk. Samkvæmt f-lið 1. mgr. 53. gr. laga um fjölmiðla getur Fjölmiðlanefnd lagt dagsektir á þann sem miðlar efni sem Fjölmiðlanefnd hefur bannað, sbr. 1. mgr. 52. gr. laganna.



FJÖLMIÐLANEFND

#### IV. Ákvörðunarorð

**Kristniboðskirkjan Omega braut gegn 2. mgr. 29. gr. laga fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun erlends efnis án íslensks texta eða tals á sjónvarpsstöðinni Omega.**

**Kristniboðskirkjan Omega greiði 350.000 kr. í stjórnvaldssekt.**

**Kristniboðskirkjan Omega tryggi að miðlun erlends efnis á sjónvarpsstöðinni Omega sé í samræmi við 29. gr. laga um fjölmiðla ellegar hætti miðlun umrædds efnis fyrir 10. nóvember nk.**

Einar Hugi Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Erla Skúladóttir

Róbert H. Haraldsson